

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum í sunnanverðum Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 16. febrúar 1989 til og með 15. mars 1989 eru allar línuveiðar bannaðar sunnan línu sem dregin er úr Garðskaga (64°05'N, 22°42'V) í Álfтанes (64°06'N, 22°02'N).

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eða að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. febrúar 1989.

F.h.r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Þingvalla-, Grafnings- og Grímsneshrepps.

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Þingvalla-, Grafnings- og Grímsneshrepps, hér eftir kölluð samvinnunefnd, er svo skipuð að í henni eiga sæti 9 fulltrúar.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar en sveitarstjórnir Þingvallahrepps, Grafningshrepps og Grímsneshrepps skipa hver um sig tvo fulltrúa úr hópi sveitarstjórnarmanna. Þingvallanefnd skipar tvo fulltrúa til þess að gæta hagsmuna þjóðgarðsins. Varamenn aðila skulu skipaðir á sama hátt.

Heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt hafa skipulagsstjóri og fulltrúi hans og aðrir sem nefndin óskar hverju sinni.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að skipulagi þess svæðis, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög og þjóðgarðinn eftir því sem þurfa þykir og ganga frá tillögu að svæðisskipulagi fyrir þennan landshluta sbr. rgl. nr. 318/1985.

Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé við gerð svæðisskipulagsins og sker þá félagsmálaráðherra úr að fenginni umsókn skipulagsstjórnar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Leita skal úrskurðar forsætisráðherra ef ágreiningur varðar þjóðgarðinn.

3. gr.

Fundi skal halda ársfjórðungslega eða eftir því sem nefndin telur þörf á.

Formaður boðar til fundar með a.m.k. viku fyrirvara og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið ákvörðun um mál er varðar sérstaklega hagsmuni eins sveitarfélags eða þjóðgarðsins ef fulltrúar (fulltrúi) þeirra lýsa sig andvíga þeirri ákvörðun.

Nefndin kys sér ritara og vararitara. Skulu formaður og ritari undirrita fundargerðarbók í fundarlok eða á næsta fundi þar á eftir. Sá fundarmaður, sem ósamþykktur er ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um sérálit sitt bókað.

Senda skal fundargerðir til nefndarmanna og til félagsmálaráðuneytisins.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins eða þess hluta sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til viðkomandi sveitarstjórna og Þingvallanefndar. Að fengnu samþykki þessara aðila sendir nefndin tillöguna til skipulagsstjórnar. Um meðferð tillögunnar fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

Samvinnunefndin getur sett sér nánari vinnureglur um þá þætti sem ástæða þykir að fjalla um í svæðisskipulaginu.

5. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig að hvert sveitarfélag og Þingvallanefnd greiða kostnað vegna sinna fulltrúa. Skipulagsstjórn greiðir kostnað vegna síns fulltrúa.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur samvinnunefndin ráðið sér starfsmann til aðstoðar. Greiðast laun og annar kostnaður við störf hans að hálfu af skipulagsstjórn, að einum fjórða af viðkomandi sveitarstjórnnum miðað við íbúafjölda og að einum fjórða af Þingvallanefnd. Ef ekki næst samkomulag sker félagsmálaráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar sbr. þó lög nr. 59 7. maí 1928 um Þjóðgarðinn á Þingvöllum.

6. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir lok núverandi kjörtímabils sveitarstjórnar. Ef nefndin óskar og gildar ástæður þykja til getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar þó ekki lengur en eitt ár í senn.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. janúar 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.